



Skóli í Skarðshlíð

Tilfni fundar: Verkfundur	Fundur nr. 5
----------------------------------	---------------------

Fundarstaður: Í vinnubúðum verktaka á verkstað við Hádegisskarð Hafnarfirði	
--	--

Dagsetning: 25. apríl 2018	Fundarritun: BJ
-----------------------------------	------------------------

Tími: 14:00 - 15:00	
----------------------------	--

Mættir:

Hafnarfjarðarbær

Verkís

Bjarni Jónsson

840-4558

bjj@verkis.is

Eykt ehf.

Porgeir Margeirsson

822-4414

toggi@eykt.is

Dreifing:

Fundarmenn

Sigurður Haraldsson

Stefán B. Veturliðason

Kjartan Mar Eiríksson

Ragnar Haraldsson

Ólafur Ívar Baldvinsson

Hilmar Ástþórsson



Nr.	Málefni	Ábyrgur
1	Almennt	
1.1	Síðasta fundargerð Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.	
1.2	Umsjón verkkaupa Umboðsmaður verkkaupa er Sigurður Haraldsson frá Hafnarfjarðarbæ og verkefnisstjóri verkkaupa er Stefán B, Veturliðason frá VSB verkfræðistofu. Eftirlit er í umsjón Verkís, umsjónarmaður er Bjarni Jónsson, eftirlitsmenn við daglegt eftirlit eru: Hilmar Ástþórsson byggingavirki, Kjartan Mar Eiríksson lagnir og loftræsing, Ragnar Haraldsson og Ólafur Ívar Baldvinsson rafbúnaður.	
1.3	Umsjón verktaka Staðarstjóri og byggingastjóri: Þorgeir Margeirsson Verkstjórar: Þorgeir Margeirsson Gísli H. Jónsson, gislih@eykt.is, s: 822-4443	
1.4	Tryggingar Ekki rætt.	
1.5	Heilbrigði, öryggi og umhverfi Öryggis- og heilbrigðisáætlun liggur fyrir og er aðgengileg eftirliti á verkstað. Búið er að girða vinnusvæðið af, opnanir eru á suður og austurhliðum fyrir umferð inn á svæðið, loka þarf svæðinu þegar engin starfsemi er á verkstað ekki síst vegna öryggis barna sem gætu farið inn á svæðið. Engin slys eða óhöpp hafa orðið frá síðasta fundi. Vinnueftirlitið hefur tekið út byggingarkrana eftir uppsetningu. Bent er á að laga þarf aðgengismál að þaki húss C, aðeins er léttur laus stigi fyrir starfsmenn til að komast upp á þak vegna vinnu á þakinu.	
1.6	Upphaf og lok framkvæmda Samningur um verkið var undirritaður 28.7.2017 Samningsupphæð er kr. <u>3.979.077.263,-</u> Fyrsta skóflustungan var tekin 21.8.2017.	



Nr.	Málefni	Ábyrgur																				
1.9	Aðstaða og athafnasvæði verktaka Ekki rætt.																					
1.10	Veitustofnanir Verktaki hefur verið í samskiptum við veitustofnanir um fyrirkomulag á inntakslögnum. Hitaveitulögn er komin inn í hús, en ekki er reiknað með að vatni verði hleypt á lögnina strax.																					
1.11	Samstarf við aðra Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu: Jarðvinna, Suðurfell. Uppsteypa, GR-Verk. Raflagnir, Rafís. Járnbinding, Aflbinding. Pípulagnir, Topplagnir. Blikksmiður, Blikksmíði. Dúkalagnir, Pons. Málningarvinna, Sigurður Breiðfjörð. Múrverk, TM-Bygg. Utanhússklæðningar og gluggaísetningar, Fjarðaverk. Pakpappalögn, Helgason og Co hf. Gifsveggir, Einar Hannesson.																					
1.13	Vinnutími Vinnutími verktaka er 7:30 - 17:00 virka daga.																					
1.15	Verkáætlun Samningsverkáætlun hefur verið samþykkt.																					
1.16	Gæðamál og verklagslýsingar Rætt um gifsveggjakerfi, gifsveggir eru sýndir á teikningum arkitekts og þar koma fram allar helstu kröfur til veggjanna. Verktaki hefur sent inn upplýsingar um gifsplötur til samþykktar, óskað er eftir efnisupplýsingum um stoðir, leiðara, einangrun, kitti o.fl. sem tilheyrir veggjunum. Óbr. frá síðasta fundi. Rætt um gólfduka þar sem leggja þarf mikla áherslu á að þurrka húsið og gólfín svo hægt verði að líma dúka í tæka tíð. Verktaki er meðvitaður um þetta og er verið að þurrka með steinolíublásurum einnig er búið að setja upp heitavatnsskút og auk vatnshitablásara. Óbr. frá síðasta fundi.																					
1.17	Mannaflí og tæki Mannskapur og tæki verkstað á fundardegi:																					
	<table border="1"><thead><tr><th>Stjórnun</th><th>Húsamíð</th><th>Rafvirkjar</th><th>Píparar</th><th>Málarar</th><th>Blikksmið</th><th>Dúkarar</th><th>Verkam</th><th>Aðrir</th><th>Alls</th></tr></thead><tbody><tr><td>2</td><td>13</td><td>5</td><td>6</td><td>2</td><td>0</td><td>0</td><td>12</td><td>2</td><td>42</td></tr></tbody></table>	Stjórnun	Húsamíð	Rafvirkjar	Píparar	Málarar	Blikksmið	Dúkarar	Verkam	Aðrir	Alls	2	13	5	6	2	0	0	12	2	42	
Stjórnun	Húsamíð	Rafvirkjar	Píparar	Málarar	Blikksmið	Dúkarar	Verkam	Aðrir	Alls													
2	13	5	6	2	0	0	12	2	42													
	Tæki																					
	Byggkran	Trailler	Valtari	Beltavél	Hjólavél	Manitolyft																
	3	0	0	1	1	1				6												



Nr.	Málefni	Ábyrgur
2	Verktakaverkið	
2.2	Verkstaða - verkáætlun Farið var yfir verkáætlun, samkvæmt henni er Hús C um 5 vikum á eftir áætlun, Verktaki er meðvitaður um að verkið er á eftir áætlun og vinnur að því hörðum höndum að ljúka húsi C í tæka tíð. Það er mat verktaka að hann muni ná að ljúka verkinu fyrir 12 ágúst. Hús C á að afhenda verkkaupa 30. júní samkvæmt samningi.	
2.3	Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt	
2.4	Rannsóknir og prófanir Ekki rætt	
2.5	Efnisútvegum og samþykktir Efnissamþykktir eru í gangi og er haldið utan um framgang þeirra í excelskjali sem gengur á milli verktaka og eftirlits. Þær samþykktir sem brýnt er að fái framgang núna eru: Loftræsisamstaða, jarðvegsdúkur á þaki og þaklúgur. Verktaki á eftir að skila inn efnissamþykktum fyrir ýmis efni	PM BJ
2.8	Verklag og verkþáttarýni Ekki rætt	
3	Steypt mannvirki	
3.2	Verkstaða - verkáætlun Hús A: Verið er að steypa plötu yfir 1.h. Hús B: Búið er að steypa um 40% veggja á 2.h. Hús C: Er uppsteypt. Ísetningu glugga 50%. Unnið er í einangrun á þaki og er um 20% búið. Um 95% af gifsveggjum á 1h. er lokið. Á 2.h. er búið að setja upp kapalstiga og draga út kapla. Lagnavinna 75% búið á 1.h. og um 5% á 2.h. Raflagnir 75% búið á 1.h. og um 30% á 2.h. Hús D: Búið að fleyga klöpp. Hús E og F: Búið er að grafa laust efni ofan af klöpp. Áætlun næstu tvær vikur: Hús A: Unnið uppsteypu veggja á 2.h.	



Nr.	Málefni	Ábyrgur
	<p>Hús B: Unnið uppsteypu veggja á 2.h. Gustloka 1.h. og setja upp veggi fyrir inntaksrými vatns- og hitaveitu.</p> <p>Hús C: Unnið í frágangi að innanverðu. Festa upp vinkla fyrir utanhússklæðningu. Ljúka við ísetningu og frágang glugga, einangra þak.</p> <p>Hús D: Steypa þrifalag undir sökkla.</p> <p>Hús: E og F: Jarðvinna.</p> <p>Annað: Grafið verður fyrir neysluvatni og skolpi frá hringtorgi við Hádegisskarð og að húsi B.</p>	
3.3	Hönnun, breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt	
3.4	Rannsóknir og prófanir PM hefur sent inn yfirlit yfir þær steypuprófanir sem gerðar hafa verið í verkinu frá 15.11.2017 -15.2.2018. Óbr. frá síðasta fundi.	PM
4	Rafbúnaður	
4.2	Verkstaða Sjá lið 3.2	
4.3	Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt.	
4.4	Rannsóknir og prófanir Ekki rætt.	
5	Lagnir / Loftræsing	
5.2	Verkstaða - verkáætlun Sjá lið 3.2	
5.3	Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt	
5.4	Rannsóknir og prófanir Ekki rætt	
6	Innri frágangur	



Nr.	Málefni	Ábyrgur
6.2	Verkstaða - verkáætlun Sjá lið 3.2.	
6.3	Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt	
6.4	Rannsóknir og prófanir Ekki rætt.	

7 Önnur mál

7.1 Magntölur og reikningar

Eftirtaldir reikningar hafa verið greiddir vegna verksins.

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls. m. verðb.	
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635	
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901	
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833	
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280	
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680	
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419	
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529	
8	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755	
Alls			711.520.946		736.789.031	

7.2 Auka- og viðbótarverk

Verktaki telur að forsendur í jarðvinnu hafi verði aðrar en lagt var með í upphafi verks. Verktaki mun taka saman gögn um málið. Óbr. frá síðasta fundi

7.3 Kröfur

Ekki rætt.

7.6 Ýmis önnur mál

Ekki rætt.



7.7 Yfirlit yfir formleg gögn milli aðila frá síðasta fundi

Orðsendingar frá verktaka:

Engar.

Orðsendingar frá verkkaupa:

Engar

Tölvupóstur frá verkkaupa

Tölvupóstur frá verktaka

Vinnulýsingar verktaka:

Engar

7.8 Næsti verkfundur

Næsti verkfundur er miðvikudaginn 9. maí, kl. 14:00, á verkstað.

f.h.
eftirlits

f.h.
verkkaupa

Umsjónarmaður

Fulltrúi verkkaupa

Fylgiskjöl: Myndir 1xA4.

Staðfesting á samþykki fundargerðar:

Fyrir verktaka: _____ Dags: _____



Hús A, járnbinding plötu yfir 1.h. .



Hús B, unnið við uppsteypu veggja 2h.



Hús C, unnið við einangrun þaks.



Hús C, ísetning glugga hafin.



Hús C, unnið í lögnum og veggjum.



Hús D, og E unnið í jarðvinnu.